



**GJALDSKRÁ**  
**fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð**  
**Gildir frá 1.1.2024**

**1. gr.**

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Fjarðabyggð, sbr. 18. gr. samþykktar nr. 990 skal vera kr. 17.915.- -. Gjald greiðist á gjalddaga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis og ormahreinsun auk umsýslugjalfa sveitarfélagsins. Eigandi/umsjónarmaður hunds sem sótt hefur hlýðinámskeið hjá viðurkenndum hundapjálfa getur sótt um 50% afslátt á hundaleyfisgjaldi. Afslátturinn gildir út skráningatíma hunds í sveitarfélagini.

Undanskildir árlegu leyfisgjaldi eru hundar skilgreindir sem leitar-, björgunarsveitar eða löggregluhundar. Einnig aðstoðar- og þjónustuhundar sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir og viðurkenndir af þar til bærum aðilum, t.d. leiðsöguhundar.

**2. gr.**

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Fjarðabyggð, sbr. 18. gr. samþykktar nr. 990 skal vera kr. 10.910.- -. Gjald greiðist á gjalddaga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis og ormahreinsun auk umsýslugjalfa sveitarfélagsins. Eigandi/umsjónarmaður kattar getur sótt um 50% afslátt á kattaleyfisgjaldi gegn staðfestingu þess að kötturinn hafi farið í ófrjósemisaðgerð. Afslátturinn gildir út skráningartíma kattar í sveitarfélagini.

**3. gr.**

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

**4. gr.**

Handsömunargjald vegna hunda, samkvæmt 18. gr. samþykktar nr. 990, skal vera kr. 19.679.-. Þurfi að vista hund yfir nótt, skal greiða vörlugjald að fjárhæð kr. 9.850.- fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjarðabyggðar vegna hundsins. Eigandi hunds getur fengið hann afhentan, samkvæmt 8. gr. samþykktar nr. 990 að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu skráningargjalds og handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

**5. gr.**

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

**6. gr.**

Gjaldskrá þessi er sett með vísun til heimilda í samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og kafla XVI þar að lútandi, auk reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Gjaldskráin tekur gildi 1.janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1478.



Fjarðabyggð 6. desember 2023

Jóna Arný Pórðardóttir  
bæjarstjóri

Samþykkt í Umhverfis- og skipulagsnefnd 10. október 2023

Samþykkt í bæjarráði 30. október 2023

Samþykkt í bæjarstjórn 2.nóvember.2023